

✉ Re: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Svartsengi

Búið til	10.5.2021 16:42:41
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	10.5.2021 16:42:40
Tilheyrir	📁 202104-0038 - Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Svartsengi

Efni

Re: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Svartsengi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	10.5.2021 16:42:40	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	mariag@os.is

Innihald

Sæl,

Tilvísun í mál nr. 202104-0038 (LA)

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 19. apríl 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn HS Orku um nýtingarleyfi á jarðhita í Svartsengi.

Umsókn HS Orku snýr að endurskoðun og uppfærslu á nýtingarleyfi fyrir jarðhita í Svartsengi-Eldvörp og í blálok umsagnar er sótt einnig um að niðurdælingarhlutfall verðir 35% af upptekt. Árið 2016 sendi HS Orka inn til Skipulagsstofnunar matsskyldufyrirspurn um aukna nýtingu Orkuversins í Svartsengi. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var eftirfarandi:

“Á grundvelli fyrrnefndra gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð aukin nýting afkastagetu orkuversins í Svartsengi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar og því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að HS Orka og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og áframhaldandi vöktun á helstu þáttum.”

Þar eru jafnframt fyrirhugaðar breytingar sem fela í sér tengingu borhola SV-25 og SV-26 við orkuverið. Ekki er minnst á borholur SV-12 eða EV-02. Eldvörp voru ekki með í þessari tilkynningu um aukna nýtingu.

Í núverandi umsókn er ósamræmi í því magni sem ráðgert er að nýta miðað við tölur frá 2016. Má þar nefna að heildarupptaka jarðhita (vökvi og gufa) eru áformuð um 469 kg/s árið 2016 en eru 563 kg/s í núverandi umsókn. Þá kemur ekki fram hversu mikil aukningin er í niðurdælingu miðað við núverandi magn.

Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum, svo sem nýjar borholur, og nýta á núverandi innviði. Fram kemur að borholur SV-12 og EV-02 eru að nýta sama jarðhitakerfið. Líkindareikningar verkfræðistofunnar Vatnaskila á þróun niðurdráttar sýnir að kerfið í Svartsengi og Eldvörpum er í 0 börum í dag og til ársins 2050 fellur niðurdráttur niður í a.m.k. -15 bör (miðgildi líkans). Náttúrufræðistofnun spyr hvort það þyki ásættanlegt að jarðhitakerfi sem mældist rúmlega 30 bör í upphafi jarðvarmanýtingar um 1980 sé orðin neikvæð um 15 bör og hvaða áhrif hefur það?

Eldvörp eru á náttúruminjaskrá nr. 106: Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg. Á vef Umhverfisstofnunar stendur „*Reykjanesið er framhald Reykjanes hryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.*“

Alþingi samþykkti árið 2004 tillögu að þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008 að unnið yrði að friðlýsingu svæðisins Reykjanes-Eldvörp-Hafnarberg. Því miður hefur ekki orðið úr því að friðlýsa svæðið.

Svæðið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga vegna eldhrauna og eldvarpa frá nútíma.

Eldvörp fór í orkunýtingarflokk í 2. áfanga rammaáætlunar árið 2013, ásamt Reykjanesi og Stóru-Sandvík.

Þá telur Náttúrufræðistofnun ástæðu til að velta fyrir sér þeim breytingum sem hafa orðið á síðustu árum í tengslum við jarðskjálfta, kvikuinnskot og nú síðast eldgos í næsta nágrenni. Þá er spurning hvort að Eldvörp eigi að vera með í þessu nýtingarleyfi þ.s. um eina rannsóknarborholu er að ræða og mælingar ekki eins miklar (styttra tímabil) og í Svartsengisholunni SV-12.

Út frá framangreindu telur Náttúrufræðistofnun að nýtingarleyfi fyrir Eldvörp (borhola EV-02) þurfi frekari skoðunar og að það verði jafnvel undanskilið frá nýtingarleyfinu á grundvelli þess að svæðið hefur hátt verndargildi jarðminja, að Alþingi hefur samþykkt tillögu að þingsályktun um friðlýsingu og svæðið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, að svæðið var ekki með í tilkynningu um matsskyldu HS Orku til Skipulagsstofnunar 2016, og að mælingar úr borholu EV-02 eru mun færri, en augljóst að verið er að vinna úr sama jarðhitakerfinu þar sem líkindareikningar sýna fram á að niðurdráttur verður neikvæður næstu 30 árin.

Þá vantar upplýsingar um hversu mikil aukning felst í 35% niðurdælingarhlutfalli miðað við upptekt og eins þarf að útskýra ósamræmi á milli magntalna yfir heildarupptöku jarðhita (vökvi og gufa) áformuð 2016 og magntalna í núverandi umsókn.

Náttúrufræðistofnun telur jafnframt að leyfisveitingar fyrir frekari jarðvarmanýtingu á þessu svæði þurfi að skoða í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið innan svæðisins á síðustu árum með jarðskjálftahrinum, landrasi, kvikuinnskotum og nú síðast eldgos í næsta nágrenni við Svartsengi.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "María Guðmundsdóttir" <mariag@os.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Harpa Þórunn Pétursdóttir" <harpa@os.is>; "Guðjón Helgi Eggertsson" <gudjonhe@hsorka.is>;
"asbjorn" <asbjorn@hsorka.is>
Subject: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Svartsengi
Date: 19.4.2021 15:39:52

Góðan dag,

Sjá meðfylgjandi bréf og fylgiskjöl.

Óskað er eftir að umsögn berist fyrir 10. maí nk.

Frumrit bréfs verður póstlagt

Bestu kveðjur/Best regards

María



María Guðmundsdóttir

Sérfræðingur – Jarðhitanýting/

Specialist – Geothermal Utilisation
Orkustofnun/National Energy Authority
Orkugarður, Grensásvegur 9
108 Reykjavík
Iceland
Tel: +354 569 6000
<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is/>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./
Think of the environment before printing this message.

Viðhengi

image001.jpg (11 KB)

image002.png (5 KB)
